

Bréf Steinunnar Kristjánsdóttur íbúa í hverfinu dags. 24. ágúst 2021 um málefni Klambratúns og tenginga við túnið.

Sæl Margrét

Er nokkuð að fréttu af stígagerð á Klambratún hornrétt á Rauðarárstíg milli Guðrúnargötu og Kjartansgötu?

Nú fórum við í gegnum allan síðasta vetur og sumar án þessa þverstígs þ.a. fólk með barnavagna hefur þurft að taka þónokkurn krók eða hreinlega baksa með vagna yfir grasið t.d. til að komast upp á róló eins og meðfylgjandi mynd frá því í vetur ber með sér, en þar sést einnig vel á sporum í snjónum hvað gamli stígurinn er mikið notaður þótt hann hafi verið tekinn burt.

Á fundi hjá ykkur í fyrra talaði fulltrúi borgarinnar um að flýta þessari stígagerð, við íbúar teljum að hann ætti að koma strax og að óþóðlegt sé að fara nú inn í annan vetur án þess að neitt bóli á stígnum. Við gerðum þá athugasemd við ranga verkroðun því ekki hefði átt að taka gamla stíginn fyrr en í sama áfanga og nýr stígur væri lagður...

ATH nýr stígur sem var lagður „í staðinn fyrir gamla“ er rétt við hornið við Flótagötu og nýtist vel til að komast í gáma á planinu við Kjarvalsstaði, en er enn þá sami krókur ef ferðinni er heitið þvert yfir túnið eða upp á róló.

Læt einnig fylgja mynd af svæðinu milli Hallgrímskirkju og Klambratúns sem ég sendi þér líka í fyrra með tillögum að stígum bæði þverstíg inn á Klambratún og svo hugmynd að göngutengingu yfir Snorrabraut upp að Hallgrímskirkju sem ég tel að sómi væri að því að gera / endurbæta núv. tengingu.

Sú gönguleið er að hluta til staðar / þyrfti að endurbæta m.a. milli Hallgrímskirkju og Norðurmýrar sunnan Flótagötu (ath Norðurmýrin er í Hallgrímskirkju sókn þ.a. þetta er megingönguleið að/frá sóknarkirkju hverfisins).

A : bæta við stíg strax milli Kjartans- og Guðrúnargötu inn á stíginn sem er á ská yfir túnið þ.a. eðlileg gönguleið sé upp á túnið / að róló / yfir túnið úr Norðurmýri.

B : Opna ætti griðingu á milli akreina á Snorrabraut við gönguleiðina. Þarna fer fólk hiklaust yfir (því þetta er eðlileg gönguleið) og stingur sér undir grindurnar með tilheyrandi meiri hættu en ef þetta væri opið.

ATH þarna eru einnig strætóstoppistöðvar beggja vegna við Snorrabraut og notendur þeirra þyrftu einnig að komast þarna yfir án þess að girðing sé fyrir.

Bestu kveðjur

Steinunn Kristjánsdóttir
Íbúi í Norðurmýri